

# Björn Ólafsson

konsertmeistari

Upptökur úr fórum Ríkisútvarpsins frá 1959 – 1961

ásamt

kynningu á sögu upptökutækni á Íslandi

Hreinn Valdimarsson

flutt í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar  
sunnudaginn 22. maí 2022 kl 17:00

Björn Ólafsson konsertmeistari fæddist 26. febrúar 1917. Hann var meðal fyrstu nemenda Tónlistarskólans í Reykjavík og einn þeirra fjögurra sem fyrstir voru brautskráðir úr skólanum vorið 1934. Hann stundaði framhaldsnám í Vínarborg og lauk prófi þar vorið 1939 með þeim árangri að hann var strax ráðinn sem fyrsti fiðluleikari að Vínarfílharmóníunni sem þá var undir stjórn Wilhelm Furtwänglers. Hann kom heim til Íslands sumarið 1939 og ætlaði að standa stutt við, en síðari heimsstyrjöldin hófst þá um haustið og kom í veg fyrir að hann kæmist aftur til Vínar.

Björn réðst sem aðalfiðlukennari við Tónlistarskólann í Reykjavík, varð yfirkennari strengjadeildar skólans og stofnaði hljómsveit Tónlistarskólans. Þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950 varð hann fyrsti konsertmeistari hljómsveitarinnar og hélt þeirri stöðu til 1972.

Árið 1942 kvæntist hann Kolbrúnu Jónasdóttur og dvöldu þau mörg sumur hjá skyldfólki Kolbrúnar á Halldórsstöðum í Laxárdal í Suður Þingeyjarsýslu og undi Björn sér hvergi betur en þar.

Björn Ólafsson var í framvarðarsveit þeirra einstaklinga sem með þrotlausri vinnu sinni og hugsjónum náðu að auðga menningarlíf vort svo að við urðum á örskömmum tíma samkeppnishæf við aðrar Evrópuþjóðir. Björn lést í Reykjavík 1984.

# *Johann Sebastian Bach*

## *E - dúr partíta BWV 1006*

Preludio

Loure

Gavotte en Rondeau

Minuet I

Minuet II - Minuet I da capo

Bourrée

Gigue

## *C - dúr sónata BWV 1005*

Adagio

Fuga

Largo

Allegro assai

Síðastliðinn sunnudag hlýddum við á upptökur frá tónleikum sem haldnir voru í Tripoli-leikhúsinu í september 1945 þegar fiðlusnillingurinn Adolf Busch kom til Íslands í fyrsta sinn á vegum Tónlistarfélagsins. Á þessum tónleikum voru eingöngu flutt verk eftir J.S. Bach. Í september ári síðar kom Adolf Busch aftur, og nú með tengdasyni sínum, píanóleikaranum Rudolf Serkin, og héldu þeir tónleika í Reykjavík og víðar um land.

Árið 1947 voru 120 ár liðin frá andláti Ludwig van Beethoven og hélt Tónlistarfélagið upp á það með myndarbrag. Kom þá Adolf Busch og nú með honum hinn heimspekkti kvartett hans og léku þeir alla strengjakvartetta Beethovens á hátíðinni.

Koma Adolf Busch hingað til lands hafði mikil áhrif á Björn sem þáði boð hans um að nema hjá honum vestanhafs. Hélt Björn utan í ágúst og var þar til vors 1948.

Haustið eftir að Björn kom heim hélt hann tvenna tónleika og sjá má á blaðagreinum frá þeim tíma að áhugafólk um tónlist var mjög spennt fyrir þeim tónleikum enda voru þeir vel sóttir. Árni Kristjánsson lék með honum á píanó.

Á fyrri tónleikunum lék hann meðal annars d moll partítuna eftir J.S. Bach og á þeim síðari C dúr sönötuna sem við heyrðum í flutningi Adolf Busch á sunnudaginn var og nú í flutningi Björns, en það er upptaka Ríkisútvarpsins.

Flutt í samvinnu við RÚV-safn. Hreinn Valdimarsson yfirfærði upptökurnar á stafrænt form og hljóðhreinsaði. Stúdíó Sýrland léði hljómflutningstæki. Þökk sé þeim.

